

SFH

Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda

Alþingi
Erindi nr. P 132/53
komudagur 16.11. 2005

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Seltjarnaresi 14. nóvember 2005

Sambandi flytjenda og hljómplötuframleiðenda (SFH) hefur borist bréf Alþingis dagsett 28 .október 2005 þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til höfundalaga, 222. mál, EES-reglur.

Frumvarp þetta fjallar að mestu leyti um innleiðingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsinga-samfélaginu . Eins og reyndar kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu bar EES/EFTA ríkjunum að leiða tilskipun þessa í landslög fyrir 10. janúar 2005

Frumvarp þetta er tvímælalaust réttarbót fyrir flytjendur og framleiðendur tónlistar og liður í því að lögleiða verndun á hagsmunum réttihafa gagnvart nýjum leiðum í dreifingu hvers konar hugverka . Eins og kunnugt er hefur stafræn dreifing tónlistar tíðkast undanfarin ár á Netinu án þess að þeir sem skapað hafa verkin, flutt þau og framleitt hafi fengið sína þóknun fyrir. Hömlulaus og óheimil not af þessu tagi getur lamað þann sköpunarkraft sem er nauðsynlegur til að íslensk tónlist geti dafnað. Sé fótunum kippt undan fjárhagsgrundvelli íslensks tónlistarlífs og íslensk tónlistariðnaðar er ljóst að framlag tónlistarinnar til landsframleiðslu mun skerðast um ókomin ár.

Frumvarp þetta bætir réttindi réttihafa einkum gagnvart stafrænni miðlun. Samtökin mæla með því að breytingar þessar verði að lögum og telja brynt að skoða frekari breytingar á Höfundalögnum til að stemma stigu við framangreindri misnotkun á tónlistarverkum.

F.h. Sambands flytjenda og hljómplötframleiðenda



Gunnar Guðmundsson framkvstj.